

TRAUST OG HÆFNI



Almenn notkun staðla í Evrópu og víðar...

EA (European co-operation for Accreditation) er samvinna faggildingarstofa í Evrópu. Hlutverk þess er að tryggja samræmda starfsemi faggildingarstofa í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu með þróun og kynningu leiðbeininga og viðmiða fyrir faggildingu.

Traust innan markaðarins

Þegar neytendur og fyrirtæki standa andspænis sífellt flóknari og öflugri markaði vex þörfin fyrir óháða tryggingu.

Neytendur krefjast þess að geta treyst gæðum þeirra vara sem þeir nota, því umhverfi sem þeir lifa í, byggingarefnum, áreiðanleika heilbrigðisþjónustunnar o.s.frv.

Einnig er mikilvægt fyrir fyrirtæki og eftirlitsaðila að bera traust til áreiðanleika og gæða þeirrar þjónustu sem rannsóknarstofur, skoðunaraðilar og vottunaraðilar veita.

Það er sjálfstæði og hlutleysi faggildingar sem tryggir þetta traust.

 **European
co-operation for
Accreditation**

Hvað er faggilding?

Að tryggja traust innan markaðarins

Faggilding ákvarðar tæknilega hæfni aðila til að vinna sérstök verkefni. Faggilding má ekki vera háð samkeppni vegna þess hlutverks hennar að tryggja að ekki sé vikið frá stöðlum vegna samkeppni milli aðila sem láta í té vörur og þjónustu.

Kostir faggildingar

Fyrir ríkisstjórnir:

– Faggilding er talin æskilegasta aðferðin til að tryggja að almenningur beri traust til aðgerða sem hafa áhrif á heilsu, velferð, öryggi og umhverfi. Faggilding er því notuð til að velja hæfa aðila til að annast framkvæmd settra reglna og stefnu yfirvalda.

Fyrir atvinnugreinar:

- Faggilding er mikilvægt tæki til ákvarðanatöku og áhættustjórnunar. Fyrirtæki geta sparað tíma og peninga með því að velja faggiltan og þar af leiðandi hæfan birgi.
- Faggilding getur veitt betri aðstöðu í samkeppni og auðveldar aðgang að útflutningsmörkuðum í Evrópu og víðar.
- Markmiðið er „Prófað eða vottað einu sinni, viðurkennt hvar sem er“
- Nákvæmar mælingar og prófanir gerðar samkvæmt bestu starfsvenjum fækka gölluðum vörum, halda framleiðslukostnaði í skefjum og stuðla að nýjungum.

Fyrir faggilt fyrirtæki:

– Faggilding er hlutlæg staðfesting fyrir því að fyrirtæki viðhafi bestu starfsvenjur. Um er að ræða alþjóðlega viðurkennt kerfi sem er notað til að þróa og viðhalda hágæðaframmistöðu. Með faggildingunni er talið að aðgangur og hæfi að tilboðum og alþjóðlegum verkefnum og viðskiptum aukist.

Fyrir neytendur:

– Faggilding eykur traust neytenda með því að tryggja stöðugan og háan gæðastaðal þeirrar vöru eða þjónustu sem keypt er.



Hvað er EA?

EA - Net faggildingarstofa í Evrópu

EA er samband faggildingarstofa sem viðurkenndar eru hver í sínu landi á Evrópusvæðinu. EA er ekki rekið í hagnaðarskyni.

EA, sem vinnur sem samtök án samkeppni, hefur eftirtalin markmið:

- Að stuðla að afnámi tæknilegra viðskiptahindrana með því að samhæfa þjónustu á sviði faggildingar og samræmismats.
- Að veita framkvæmdastjórn EB og EFTA tæknilegan stuðning sem auðveldar framkvæmd tilskipana og þróun samninga um gagnkvæma viðurkenningu.
- Að stuðla að alþjóðlegri viðurkenningu faggildingar og faggiltrar þjónustu með því að traustir og áreiðanlegir marghliða samningar séu haldnir.

EA vinnur í náninni samvinnu við hagsmunaaðila sína

Meðal hagsmunaaðila EA eru eftirtaldir:

Samræmismatsaðilar (rannsóknarstofur, vottunar- og skoðunarstofur), framkvæmdastjórn EB og EFTA, eftirlitsaðilar, atvinnuvegir og neytendur. Hagsmuna þeirra er gætt með aðild að ráðgjafarnefnd EA (EA Advisory Board (EAAB)) og nefndum EA.

Mismunur á faggildingunni og vottun fyrir rannsóknarstofur og eftirlitsaðila

Ólíkt því sem gerist við ISO 9001 vottun, eru við faggildingunni notuð viðmið og verklag sérstaklega þróuð til að ákvarða tæknilega hæfni. ISO 9001 vottun lýsir samræmi við staðalkröfur, en faggilding lýsir sérstakri tæknilegri hæfni.



Hvað er margliða samkomulag?

Alheimsviðurkenning og alþjóðleg staðfesting

Margliða samkomulag EA (MLA) gerir vöru og þjónustu kleift að fara yfir landamæri í Evrópu og um allan heim.

MLA gerir faggildingu að „vegabréfi“ sem auðveldar aðgang að EB og alþjóðlegum mörkuðum með samvinnu við ILAC (International Laboratory Accreditation Co-operation) og IAF (International Accreditation Forum).

Merki faggildingarstofunnar á prófunarskýrslum og vottorðum er trygging þín fyrir hagræðinu af MLA.


Hvernig virkar samkomulagið?

Stofnun MLA milli faggildingarstofa í EA skapar gagnkvæmt traust og samþykkt á, faggiltum vottorðum, skoðunum, kvörðunarvottorðum og prófunarskýrslum. MLA veldur því að þeir sem bjóða vöru og þjónustu þurfa ekki lengur vottun í hverju landi þar sem þeir selja vöru sína eða þjónustu.

EA aðilar sem hafa undirritað EA MLA samkomulagið þurfa að sæta ströngu fjölþjóðlegu jafningjamati. Markmiðið með þessu kerfisbundna mati, sem fer fram á vettvangi, er að sannprófa að þeir sem hafa undirritað samkomulagið

uppfylli áfram hin alþjóðlega samþykktu viðmið.

Þetta jafningjamati tryggir samræmi og samhæfið faggildingarviðmið og auðveldar einnig þeim sem undirritað hafa samkomulagið að skiptast á upplýsingum og reynslu.



Umfang margliða samkomulags EA

■ Faggilding rannsóknarstofa

Prófun, kvörðun ISO/IEC 17025, ISO 15189

■ Faggilding vottunarstofa

Vöruvottun
EN 45011 (ISO/IEC Guide 65)
Vottun starfsfólks
ISO/IEC 17024
Vottun stjórnunarkerfa
ISO/IEC 17021


■ Faggilding EMAS sannprófenda

Umhverfisstjórnunarkerfið (Eco-Management and Audit Scheme, EMAS)

Tilskipun ráðsins 761/2001 frá 19th Mars 2001

■ Faggilding skoðunarstofa

ISO/IEC 17020)



www.european-accreditation.org

BERIÐ TRAUST TIL HÆFNI!



- Leitð eftir merki faggildingarstofu landsins
- Athugið merkið á vefsetrinu og fræðist meira um EA og faggiltu stofnanirnar í EA á www.european-accreditation.org.
- Hlaðið niður listanum yfir þá sem hafa undirritað marghliða samkomulagið (skjal EA 1/08).



European
co-operation for
Accreditation